

**Ed.**

**752. Lög**

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí).

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til þess að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum, er nemi samtals 400000 kr., með þeim skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

**2. gr.**

Ábyrgðarheimildin má ná til lána, sem tekin eru í umræddu skyni af sýslufélögum eða samvinnufélögum bænda.

Hámark hvers láns, sem ábyrgt er, má nema allt að  $\frac{2}{3}$  kostnaðar.

Frystihúsin séu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslu-  
nefnda er bezt fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í héraðinu,  
en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.

Full skilríki liggi fyrir um, að vel og tryggilega sé frá öllu gengið um  
hús og áhöld, enda hafi atvinnumálaráðuneytið samþykkt áætlun og teikningar.

Til baktryggingar ríkisábyrgðinni sé ábyrgð hlutaðeigandi sýslufélaga,  
eða aðrar tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar, auk fyrsta veðréttar í  
frystihúsum og vélum þeirra.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.